

5. fundur Skólaráðs – 2. júní 2021.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Ásthildur Knútsdóttir, Linda Rún Skarphéðinsdóttir, fulltrúi foreldra, Hildur Jóna og Kristín voru í Þórsmörk í vorferðalagi. Katrín Hallgrímsdóttir og Sólveig Baldursdóttir fulltrúar kennara mættu ekki því þær voru í vorferðalögum, Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna boðaði forföll, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri var á fundinum.

Dagskrá:

- Undirbúningur fyrir næsta skólaár.
- Rætt um húsnæðismál.
- Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmannakannana.
- Önnur mál

1. **Undirbúningur fyrir næsta skólaár 2021-2022.** Undirbúningur fyrir næsta skólaár gengur vel og er búið að manna allar stöður. Undirbúningur fyrir töflugerð gengur vel. Rætt um hvernig þessi vetur hafi gengið fyrir sig í covid og hefur skólastarfið gengið ótrúlega vel miðað við aðstæður. Gaman að geta þess að það tókst að halda upp á 50 ára afmæli skólans og hafa söngleikinn hjá 10. bekk Anníe þrátt fyrir sóttvarnareglur. Einnig kom fram að skólinn fékk hvatningaverðlaun Heimilis og skóla fyrir samstarf foreldra við söngleikinn við erfiðar aðstæður.
2. **Rætt var um húsnæðismál.** Rætt var um lokun á 8 kennslustofum og fleiri minni stofum vegna raka og staðbundinnar myglu sem kom upp um páskaleytið. Færa þurfti 8 bekk í nýjar stofur og loka frístundaheimilinu vegna þessa. Færslan gekk vel og var brugðist strax við og niðurstöðurnar komu fram. Strax var farið í að vinna með vandann og iðnaðarmenn mættir en stofurnar voru rýmdar og opnað inn að steini á sumum veggjum. Verkið gengur vel og er farið að klæða veggina aftur og reiknað með að stofurnar verði tilbúnar í haust. Foreldrar voru strax upplýstir um vandann og viðbrögðin og tóku þeim vel og hrósuðu skólanum fyrir skjót viðbrögð og að veita upplýsingar um vandann. Kennarar, starfsfólk og nemendur stóðu saman að því að láta skólastarfið ganga þrátt fyrir breytingar sem gerðu ýmislegt erfiðara og eiga þeir þakkar skildar fyrir þolinmæði og þrautsegju. Þrír kennarar fóru í veikindaleyfi vegna aðstæðnanna og ljóst er að þeir koma ekki aftur í haust. Námsráðgjafi fór einnig í veikindaleyfi fram á sumar en kemur vonandi í haust.
3. **Niðurstöður nemenda/foreldra/starfsmannakannana.** Farið var lauslega fyrir niðurstöður munnlega og rætt um þær. Ákveðið að taka þær upp að hausti á fundi þegar hægt er að hittast í raunheimum.
4. **Farið var yfir viðmiðunarstundaskrá skólans.** Viðmiðunarstundaskrá skólans var kynnt bæði fengu aðilar drög send til kynningar og síðan var hún rædd á fundinum. Aðilar fundarins voru sáttir við útfærslu viðmiðunarstundarskráarinnar fyrir sitt leyti. Ekki var mögulegt að skrifa undir skjal sem fylgir heldur veittu fundarmenn fulltrúar foreldra skólastjóra heimild til að skrifa undir fyrir þeirra hönd.
5. **Önnur mál** – engin önnur mál komu fram.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:35.

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri